

**Nr. 006 / 13 Sóley SH 124****Vélarbilun og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 1674  
Smíðaður: Seyðisfirði 1985, stál  
Stærð: 144,2 brl. 201 bt.  
Mesta lengd: 25,99 m Skráð lengd: 23,33 m  
Breidd: 7 m Dýpt: 5,7 m  
Vél: Caterpillar 416 kW 1984  
Fjöldi skipverja: 8



Sóley ©Hilmar Snorrason

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Hirti Emilssyni og Geirþrúði Alfreðsdóttur

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 28. janúar 2013 lét Sóley SH 124 reka í landvari á Breiðafirði skammt sunnan Rauðasands. Veður: NA 15-20 m/sek.

Þegar farið var að lægja ákvað skipstjóri að halda út á veiðislóðina en þá kúplaði skrúfugír ekki að skrúfunni og var talið að bilunin væri í skrúfugír eða tengibúnaði aftan við vélina. Skipstjóri vissi að Hringur SH 153 var á landleið við Snæfellsnes og bað hann um aðstoð og hann dró Sóleyju inn til Grundarfjarðar.

**Við rannsókn kom fram:**

- að aftan við aðalvélina er deiligír með þremur sjálfstæðum aflúttökum fyrir hliðarbúnað. Aftan á deiligírinn boltast aðalgírhúsið (Ulstein 220) með kúplingshúsi og skrúfugírhúsi. Í gegnum deiligírinn fer tengiöxull frá sveifarás og boltast á flangs við kúplingu. Flangstengingin var 200 mm í þvermál og er boltuð með sex 20 mm stálboltum og ásamt þeim eru sex stýripinnar (rekboltar) til styrktar samsetningunni;
- að þegar kúplingshúsið var opnað kom í ljós að allir sex boltarnir og sex stýripinnar höfðu klippst í sundur og lágu í botni hússins en höfðu ekki valdið skemmdum hvorki á kúplingu eða skrúfugírnum;
- að svipuð bilun varð 29. nóvember 2010 (sjá mál 158/10) en þá höfðu einnig þessir boltar og stýripinnar brotnað eða bognað og skemmt kúplinguna. Gert var við kúplinguna og jafnhliða pöntuð ný en langur afgreiðslutími var á henni svo hún átti að setjast við síðar. Nýir boltar (universal) voru settir og stýripinnar (rekboltar) voru smíðaðir í flangsinn og þetta sett saman. Að sögn yfirvélstjórans hafði ekkert verið athugavert við keyrslu gírbúnaðarins síðan;

- að yfirvélstjóri vissi ekki hvort stýripinnarnir (rekboltarnir) hefðu verið smíðaðir í yfirmáli en þeir voru reknir í götin og ekki notaður mishiti til verksins. Ekki eru upplýsingar um hvort efni í boltum og stýripinum hafi hæft átökum í þessari samsetningu;
- að sögn yfirvélstjórans er ekki vitað til þess að þessi búnaður hafi bilað fyrr en 2010 en hann hefur verið í skipinu alla tíð (1985) og það í eigu útgerðarinnar frá 1995;
- að sögn yfirvélstjóra var flangsinn stækkaður í viðgerð sem fór fram eftir atvikið. Þvermál hans nú er 300 mm og er því boltahringurinn (samsetningin) 50 mm fjær miðju en áður sem minnkar álag á samsetninguna.

### *Nefndarálit:*

Orsök bilunarinnar var að samsetning flangs brast.